



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2015

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 25 – 25. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Með frumvarpinu er lagt til að réttur foreldra til fæðingarorlofs og fæðingarstyrks við andvana fæðingu barns verði lengdur í þrjá sjálfstæða mánuði hvort um sig, auk þriggja mánaða sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

MRSÍ fagnar framangreindu frumvarpi og telur hér vera stigin nauðsynleg skref í átt að jafna rétt þeirra sem eiga andvana barn eftir 22 vikna meðgöngu og rétt foreldra sem missa barn stuttu eftir fæðingu.

Gerir skrifstofan því ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp aðrar en að vísa í 65. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri